

6. fundur samstarfsnefndar um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra haldinn á skrifstofu Bæjarhrepps á Borðeyri þriðjudaginn 1. nóvember 2011 kl. 10:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Afgreiðslur;

1. Samantekt um sameiningu sveitarfélaganna.

Formaður, Leó Örn Þorleifsson, kynnti og gerði grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á drögum að samantekt nefndarinnar um sameiningu sveitarfélaganna. Fram kom ábending um að á bls. 4 í samantektinni, undir stjórnslá, verði bætt við setningu um að við sameiningu sveitarfélaganna taki hið sameinaða sveitarfélag yfir eignir, skuldir og skuldbindingar beggja sveitarfélaganna. Samantekt um sameiningu sveitarfélaganna byggir á vinnu nefndarinnar frá skipan hennar í júnímánuði sl. og ráðgjafa frá KPMG. Samstarfsnefndin samþykkir samantektina með áorðnum beytingum með 10 atkvæðum samhljóða.

2. Tillaga samstarfsnefndar.

Formaður, Leó Örn Þorleifsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Samstarfsnefnd um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra leggur til við sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna að kosið verði um sameiningu þeirra í almennri íbúakosningu þann 3. desember nk. Tillaga samstarfsnefndar byggir á niðurstöðu samantektar nefndarinnar og KPMG um sameiningu sveitarfélaganna og úttektar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjárhagslegum áhrifum sameiningar sveitarfélaganna. Samþykkt að senda tillögu nefndarinnar ásamt samantekt til umræðu í sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna sbr. ákvæði 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 10 atkvæðum samhljóða.

Formanni falið að tilkynna Innanríkisráðuneyti og sveitarstjórnnum Bæjarhrepps og Húnaþings vestra niðurstöðu samstarfsnefndar með formlegum hætti.

3. Kynningarfundir og kynningarbæklingur.

Samstarfsnefnd um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra heldur almenna kynningarfundir um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra þriðjudaginn 22. nóvember nk. kl. 16:00 á Borðeyri og kl. 20:00 í Húnaþingi vestra.

Kynningarbæklingur um sameiningu sveitarfélaganna verður sendur til prentunar í byrjun næstu viku og verður til dreifingar um miðjan nóvembermánuð á hvert heimili í sveitarfélögunum. Í kynningarbæklingi er gert ráð fyrir ávarpsorðum samstarfsnefndar og felur nefndin formanni, varaformanni og ritara að leggja drög að þeim texta.

4. Atkvæðagreiðsla.

Samstarfsnefnd mun annast undirbúning atkvæðagreiðslu um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra í samráði við viðkomandi kjörstjórnir og Innanríkisráðuneytið.

5. Næsti fundur samstarfsnefndar.

Samþykkt að næsti fundur samstarfsnefndar verði haldinn á Hvammstanga föstudaginn
18. nóvember nk. kl. 14:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:55

Leó Örn Þorleifsson.

Sigurður Kjartansson.

Elín R. Líndal.

Jóhann Ragnarsson.

Gísli Kjartansson.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðmundur Waage.

Skúli Þórðarson.

Jóna Gunnarsdóttir.

Stefán Böðvarsson.